

# Cittaslow

## í Djúpavogshreppi

## Kynning í tenglsum við aðalfund Skógræktarfélags Íslands á Djúpavogi

3. sept 2016, Djúpavogskirkja

Erla Dóra Vogler

Ferða- og menningarmálafulltrúi og verkefnastjóri Cittaslow í Djúpavogshreppi

# Hvað er Cittaslow?

- Alþjóðleg hæglætishreyfing
- Samtök sveitarfélaga og bæja um allan heim sem leggja m.a. áherslu á:
  - Verndun náttúru og menningarminja
  - Eflingu staðbundinnar matarmenningar og framleiðslu
  - Umhverfisgæði, sjálfbærni, hreinleika og öryggi
  - Gestrisni, kurteisi og vinsamlegt viðmót
  - Að heiðra sérstöðu svæðisins, hefðir þess og einkenni
  - Að auka lífsgæði og ánægju íbúa og gesta
- Einkunnarorð: Staldraðu við og njóttu lífsins!

www.cittaslow.org

# Saga Cittaslow samtakanna





- Varð til á Ítalíu árið 1999
- Horft til Slow Food hugmyndafræðinnar – af hverju ekki líka fyrir borgir?
- Tími til að veita hnattvæðingu, einsleitni og hraðaáráttu nútímans viðnám með því að leggja áherslu á hið gagnstæða
- Cittaslow… “città”=“city” eða borg og “slow”=“hæg”
- Kristallast í merki Cittaslow - appelsínugulur snigill sem ber þorp á skelinni
- Í dag - 213 sveitarfélög og bæjir í 30 löndum aðilar að samtökunum

http://www.cittaslow.org/

# Að ganga til liðs við samtökin

- Til að gerast meðlimur í Cittaslow þarf sveitarfélag að samþykkja að vinna eftir hugmyndafræði Slow Food, vinna að því að auka lífshamingju og vernda umhverfið
- Sveitarfélög þurfa að uppfylla visst hlutfall þeirra 72 viðmiða sem samtökin leggja til grundvallar og falla undir 7 flokka:
    1. Orka og umhverfi
    2. Innviðir samfélagins
    3. Lífsgæði
    4. Stefna í landbúnaði, ferðamennsku og handverki
    5. Stefna í gestrisni, vitundarvakningu og þjálfun
    6. Samheldni samfélagins
    7. Samstarf
- Við uppfyllum hluta þessara viðmiða
- Stefnum að fleirum til að skapa enn betra samfélag

# Cittaslow og Djúpavogshreppur

- Samþykkt sem meðlimur 2013
- Fyrsta sveitarfélagið á Íslandi og ennþá það eina
- Hvers vegna? – Til að skapa betra og áhugaverðara samfélag fyrir íbúa og fyrirtæki auk þess að verða ennþá meira aðlaðandi áfangastaður fyrir gesti
- Cittaslow er stimpill sem segir að hér sé hugað að mannlega þættinum - aukin lífsgæði fyrir íbúa er markmið
- Alþjóðleg viðurkenning - gefur mynd af sveitarfélaginu út á við
- Ferðamenn kjósa að kynnast stöðunum sem þeir sækja heim og þá er sérstaða mikilvæg. Cittaslow segir að hér sé haldið upp á sérstöðuna, að hér séu betri aðstæður en víða til að komast nær náttúrunni, sögunni, samfélaginu... og að hér sé tekið vel á móti fólki
- Skapar tækifæri fyrir framleiðendur, þjónustuaðila o.fl.

cittaslow
DJÚPAVOGSHREPPUR

# Hvað er Cittaslow í Djúpavogshreppi



# Menningarminjar

Gömul hús gerð upp – Teigarhorn, Langabúð, Faktorshús, Gamla kirkjan...
Menningarsögulegar minjar verndaðar og þeim hampað



# Sjálfbærni

- Við stefnum á að verða plastpokalaust samfélag
- Úrgangsefni eru flokkuð til endurvinnslu í opinberum byggingum og á mörgum heimilum
- Hvatt til þess að bílar séu ekki hafðir í lausagangi



# Framkoma við heimamenn og gesti

- Allir eru velkomnir og komið fram við alla af virðingu
- Við bjóðum upp á salernisaðstöðu sem er opin alla daga, allan sólarhringinn
- Sumargjöf til allra heimila í Djúpavogshreppi 2015 – 100% lífrænn innkaupapoki








Námið

Leikskólinn og grunnskólinn eru

# Grænfánaskólar

## Börnin læra

- Flokkun og endurvinnslu
- Grenndarnám
- Notkun staðbundinna hráefna í matargerð og listgreinum
- Lesa náttúruna

2016-1019 verkefni – innleiðing Cittaslow í skólana okkar – styrkt af Sprotasjóði og Erasmus+

# Þátttaka í svæðisbundnum og landlægum viðburðum

- **Hátíðir:** Þorrablót, Hammondhátíð, Sviðamessa
- **Sýningar:** Listasýningar heimamanna í menningarhúsinu okkar Löngubúð, Tankurinn sýningarrými, Rúllandi snjóbolti samtímalistasýning
- **Viðburðir:** Cittaslow sunnudagurinn, Djúpavogsdagurinn, Kynningardagur félaga-, samtaka og fyrirtækja, félagsvist, Skógardagur leikskólans, bingó og barsvar, jólamarkaður, ljósmyndasýningar, ruslavika
- **Fjáröflun** til að gera upp gömul hús, ný leiktæki fyrir leikskólann...

# List og umferðaröryggi




Tenging listar og náttúru
34 eftirmyndir eggja varpfugla í Djúpavogshreppi eftir Sigurð Guðmundsson

# Verndun náttúruminja - friðlýsingar

- Teigarhorn
- Blábjörg
- Tjarnaklukka
- ...o.fl....





# Unnið úr staðbundnum hráefnum:

## Handverk **hönnuða** og **listamanna**:

- Steinar
- Bein
- Hreindýrahorn
- Hreindýraleður
- Rekaviður

## Matvara:

- Ósnessíld
- Sveitasnakk – lífrænt ræktað
- Regnbogasilungur
- Úrvalsmjólk


Það er auðvelt að staldra við og
njóta náttúrunnar
í Djúpavogshreppi

# Svartir sandar



# Margvíslegar gönguleiðir

**sem liggja um fjörur, dali, fjöll og jökla**




Unaðslegir fossar

# Fuglaskoðun

Birds.is með gönguleiðir, fuglaskoðunarhús, skilti og bæklinga/kort











# Hreindýrin koma í heimsókn

# Góð berjalönd



# Kynnum vel að við séum Cittaslow samfélag




Djúpavogshreppur
cittaslow
DJÚPAVOGSHREPPUR


welcome
DJÚPIVOGUR COMMUNITY


Staldraðu við ...
DJÚPAVOGSHREPPUR


SLOW
Cittaslow Joy
cittaslow
DJÚPAVOGSHREPPUR

# Stuðningsaðilar Cittaslow í Djúpavogshreppi

- Eftirfarandi fyrirtæki, félög og aðilar eru Stuðningsaðilar Cittaslow í Djúpavogshreppi:
  - Bragðavellir Cottages - www.bragdavellir.is
  - Adventura ehf. - www.adventura.is
  - Hótel Framtíð - www.hotelframtid.com
  - Kvenfélagið Vaka - kvenfélagið
  - Íþróttamiðstöð Djúpavogs - íþróttamiðstöð
  - Við Voginn
  - Arfleifð - www.arfleifd.is
  - Langabúð
  - Landsbankinn - www.landsbankinn.is
  - Havarí - www.havari.is
  - Steinunn Björg Helgadóttir
- Stuðningsaðilar bjóða upp á:
  - Hönnun og handverk úr héraði og gjarnan úr staðbundnum hráefnum
  - Matvöru úr héraði
  - ...og margt fleira...

cittaslow Djúpavogshreppur

STUÐNINGSAÐILI
LOCAL SUPPORTER

# Aðeins fleira um Djúpavogshrepp og Cittaslow…

**Norðurlandanet Cittaslow**

Djúpavogshreppur er hluti af Norðurlandaneti Cittaslow og Cittaslow International. Norðurlandanetið hélt ársfund sinn hér í maí sl.

**Miðstöð Cittaslow á Íslandi**

Upplýsingamiðstöð Djúpavogshrepps þjónar einnig sem miðstöð Cittaslow á Íslandi og veitir upplýsingar um samtökin. Upplýsingar er einnig að vinna á heimasíðu Djúpavogshrepps og á vefsíðu Cittaslow International.

**Tengiliðir**

- Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri Djúpavogshrepps - sveitarstjori@djupivogur.is
- Erla Dóra Vogler, verkefnastjóri- erla@djupivogur.is


Verið ávallt velkomin í Djúpavoghrepp!
takk fyrir áheyrnina